

yfirgefið þá fyrir lifandi löngu. „Farinn er heiðurinn frá Ísrael“. Til harðræða þurfa þeir ekki á neinn að heita, af harðýðgi þeirra, er þeim hefir sýnd verið um margar aldir, hafa þeir lært að beygja svírann drembna og leita huggunar í mótlætinu. lært að verða já t n i n g a-menn. Og hvað annað hefðu þeir getað lært. Studdir til beggja hliða af kyrkju og konungs einræði, sem með sinni dásamlegu handleiðslu hafa vakað yfir þeim fram að síðustu aldamótum og haldið þeim til hirtingar og hlýðni hvenær sem brytt hefir á sjálfsvilja hjá þeim og mannskap. Mergurinn málsins er hér vestra, og vér skulum að eins hvísla því í hálfum hljóðum, að alt þetta missíóns-vafstur og málavas og fyrirlestrapas er ryskingaglaumur um það, að ná aftur sömu ísetutökunum á þjóðinni og kyrkjan hélt á dögum meistara Jóns og fyrir þá tíma. Það er að geta hýtt þá, ef þeir eru ekki góðir. Út af því hvað erfitt gengur að ná þessum tökum rísa allar aðfinnslurnar, því það er enn eins og á dögum Jeppe sáluga á Bjargi, að ef kotungurinn kemst í barónsessinn þá kann hann sér ekki hóf.

Síðan hingað kom vestur hefir fólk vort notið meira frjálsræðis í andlegum og veraldlegum sökum en fyrrum tíðkaðist á Íslandi og það hefir haft áhrif á hugsunarhátt þess og skoðanir. Það hefir vakið að nýju réttlætiskröfu Íslendingsins til fullrar meðvitundar, er jafnan hefir verið töluvert rík. Og það er ekki vegna neins ókristilegs í fari þeirra, að þeir hafa krafist af kyrkjunni sem öðrum mannfélagsstofnunum, að hún væri sönn og leiðbeinandi, ætti þeir að vera henni fylgjandi. Og hópurinn, sem haldið hefir kröfu þeirri til streitu fram að þessu, hefir gert það bæði af viti og sanngirni.

Það hefir hvað eftir annað verið sagt, að með þessu móti væri menn að kasta sinni „barnatrú“, yfirgefa lúterska trú. En hvað er barnatrú Íslendinga? Allur fjöldinn hefir aldrei trúað ýmsum kreddum og leiðinda stappi, sem hér hefir verið kent. Eins og hra. Einar Hjörleifsson bendir á nú síðast í Fjallkonunni, hefir það verið Íslendinga stóri og göfugi kostur, sem aldrei hefir verið hægt úr þeim að kreista, að þeir hafa verið frjálsir í anda, hvað sem ýmsum ytri játningum hefir liðið, er